


**KERFISBUNDIÐ INNRA MAT
Á LEIKSKÓLASTARFI
Í AÐALÞINGI**



KERFISBUNDIÐ INNRA MAT Á LEIKSKÓLASTARFI Í AÐALÞINGI

Verkfæri þetta sem hér er kynnt, er verkfæri kennara í Aðalþingi fyrir sameiginlega og samfellda ígrundun á leikskólastarfinu þar, sem myndar grundvöll skipulagningar skólastarfsins.

Aðalþing starfar í anda Malaguzzi, í þannig skólastarfi er talið mikilvægt að sá fullorðni sýni barni einlægni og auðmýkt, slík viðurkenning á auðmýkt kallar á að forðast notkun á fyrirframgefnum stöðlum sem eru skilgreindir og aðgreindir frá þörfun barnsins. (Hoyuelos, 2013)

Í skólastarfinu er gengið út frá því að börn læri í samstarfi við önnur börn, fullorðna og umhverfi. Börn séu virk í að skapa eigin þekkingu og menningu. Til að afla gagna um og varpa ljósi á hvernig börnin læra með öðrum – námsferill þeirra og fullorðinna, eru reglulega gerðar uppeldisfræðilegarskráningar. (Skólanámskrá Aðalþings).


Eitt megin markmið í Aðalþingi er að sérhvert barn fái þá bestu umönnun og kennslu sem völ er á, þetta markmið er skráð í skólanámskrá skólans og foreldrar eru upplýstir um það í inntökubréfi barns.

Vitað er að börn eru stöðugt upptekin af að rannsaka þá veröld sem þau eru hluti af. Hlutverk kennara í Aðalþingi er að vera samrannsakendur barnanna - vera forvitnir en varast að yfirtaka í starf barnanna. (Skólanámskrá Aðalþings).



Á HVERJU BYGGIR INNRA MAT Í AÐALÞINGI?

- ◆ Almennt skólastarf
 - * Uppeldisfræðilegar skráningar
 - * Skimanir
- ◆ Viðbótarkennsla
 - * Athuganir, skimanir og skráningar



HVERJIR RÝNA GÖGNIN?

◆ Starfsfólk

- * Gögn allra deilda/pinga eru aðgengileg öllu starfsfólki (Helgarpóstar)
- * Pedfundir (einstaka skráningar ræddar)
- * Skipulagsdagar/kennarafundir ofl.

◆ Börn

- * Stöðvavinnufundir svo og í minni hópum og einslega

◆ Börn og foreldrar

- * Fjölskyldur barnanna fá vikulega gögn um skólastarfið (Helgarpóstar)
- * Tvisvar á vetri setjast foreldrar niður með kennurum og jafnvel börnum og ræða útfrá fyrirbyggjandi gögnum t.d. Skráningar
- * Foreldrar sem það á við um, eru reglulega boðaðir á fund vegna viðbótarkennslu, samræða útfrá fyrirbyggjandi



LEIÐARLJÓS AÐALÞINGS

Hlutverk kennara Aðalþings er að skipuleggja útfrá áhuga barnanna. Kennararnir bera ábyrgð á vali og þeir skipuleggja enn frekari rannsókn á viðfangsefnum. Það er hlutverk kennaranna að bjóða börnunum áhugavert námsumhverfi og efnivið sem vekur upp undrun og ánægju og er áskorun fyrir börnin.



Leiðarljós í Aðalþingi eru að

- * Hvetja börnin.
- * Mikilvægara sé að kenna börnum að spyrja spurninga en að fræða þau með svörum.
- * Hjálpa barninu að finna hvað veki áhuga hjá því, hvað því finnst skemmtilegt, þetta á að vera á forsendum barnsins ekki neinna annarra.
- * Kenna barninu að takast á við hið óþekkta.
- * Kenna barninu að taka ábyrgð á sjálfu sér.
- * Kenna barninu að mikilvægasta umbunin er oft sú sem er í einu og öllu - í verkinu sjálfu.
- * Kenna barninu að setja sig í spor annarra.
- * Gildi okkar eru; traust – gleði – vellíðan – undrun – rannsakandi – ævintýraljómi – þátttaka.



NÁMSTÆKIFÆRI Í AÐALÞINGI

- * Mikilvægt er að í Aðalþingi ríki gleði og að börnum og fullorðnum líði almennt vel. Undrun og ævintýraljómi svífi yfir vötnunum.
- * Aðalþing á að vera staður þar sem fjölbreytt námstækifæri eru sköpuð og gerð börnum aðgengileg; efniviður, rými og hugmyndir.
- * Námstækifæri í Aðalþingi eiga að skapa möguleika fyrir börn til að æfa sig í lýðræði og frelsi með námi, hlustun, samræðum og gagnrýninni hugsun.
- * Kennarar Aðalþings tilheyra námshópi fullorðinna og barna, en frekar sem hlustendur en fræðarar. Að líta á börn fremur sem gerendur en neytendur, þannig að börnin skapi sér og öðrum börnum námstækifæri.
- * Kennarar Aðalþings skrá og ígrunda námsferli barnanna og veita þeim áskoranir með nýjum og framandi viðfangsefnum til að kljást við. Kennararnir varpa þannig fram mátulega ögrandi viðfangsefnum sem þeir byggja á reynslu sinni af börnunum og skráningum þar um.
- * Mikilvægt er að leggja áherslu á velgengni og getu barnanna fremur en veikleika og getuleysi; þau hvött og þeim talin trú um getu sína til að leysa viðfangsefni og neikvæðri túlkun þeirra á eigin getu breytt í jákvæða túlkun.
- * Samskipti kennara og barna í Aðalþingi snúa að verulegu leyti um það að takast sameiginlega á við verkefni, einblína á verkið sjálft og hugmyndir um það eiga að byggjast á áhuga beggja.
- * Í Aðalþingi á börnunum að gefast tími og tækifæri til að fara sínar eigin leiðir í námi og hjálpast að í náminu.
- * Leggja skal áherslu á að börnin sjái tilgang í þeim verkefnum sem þau taka sér fyrir hendur.

HELGARPÓSTAR

- * Matsgögn byggja á fyrirbyggjandi gögnum svo sem helgarpóstum. Helgarpóstar innihalda frásagnir í máli og myndum um brot af skólastarfi þeirrar viku sem er að líða hverju sinni.
- * Helgarpóstar eru hluti af matskerfi Aðalþings, foreldrar og börn skoða og rýna í skólastarfið
- * Vikulega fá allar fjölskyldur barna sem eru í Aðalþingi rafrænt fréttabréf (Helgarpóst) frá þingi/deild viðkomandi barns.
- * Allt starfsfólk Aðalþings fær fyrrgreinda Helgarpósta frá öllum þingum/deildum.
- * Gögnin sem hér eru notuð til grundvallar innra mati á leikskólastarfinu í Aðalþingi byggja á fyrrnefndum Helgarpóstum og eru settir hér í matslegt samhengi.



NÁMSSVIÐ OG NÁMSÞÆTTIR

- * Í Aðalþingi er grunnþáttum og námssviðum leikskólanáms samþætt leik barnanna. Lögð er áhersla á fljótandi námskrá en með því er annarsvegar átt við að hún er í stöðugu mati og endurskoðun, og hinsvegar að bæði er tekið tillit til áhuga barnanna og þeirra atriða sem ætlunin er að setja í forgang hverju sinni. Lykilhugtök sem unnið er með á markvissan og skapandi hátt í leikskólanum eru; nám leikskólabarna, ígrundun, lýðræði/valdefling, náttúra og upplýsingatækni. (Skólanámskrá Aðalþings).



- * Námssvið leikskóla eru fjögur; læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Námsviðin eru samþætt öllu starfi leikskólans og taka mið af sex grunnþáttum menntunar, þau byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). Grunnþættirnir sex eru eftirfarandi; læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð.
- * Hér á eftir verður fjallað um hvern grunnþátt fyrir sig.

NÁMSSVIÐ OG NÁMSÞÆTTIR

LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ

SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI

SKÖPUN OG MENNING

LÆSI OG SAMSKIPTI

JAFNRÉTTI

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ



HEILBRIGÐI OG VELFERÐ

Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Sú góða næring sem er í matnum sem börnin fá í Aðalþingi er ein mikilvægasta undirstaða leikskólastarfsins þar. Hluti af einkunnarorðum skólans eru gleði og vellíðani, en andi þessara orða á að svífa yfir vötnunum í leikskólanum. Matmálstímar sem og aðrar stundir er ætlað að stuðla að vellíðan og valdeflingu barnanna í fallegu og notalegu umhverfi.

Markmið í Aðalþingi er að börn og fullorðnir fái eins góðan mat og völ er á. Áhersla er lögð á að matur sé sem mest unninn frá grunni í leikskólanum, brauð bökuð og sykur ekki notaður í matreiðslu. Hráefni sem geta „valdið ofnæmi“ eða eru ofnæmisvakar, eru ekki notuð eins og egg, hnetur, jarðaber og kiwi. (Skólanámskrá Aðalþings).

Börnin í Aðalþingi fara að öllu jöfnu daglega út, ýmist fyrir hádegi eða eftir hádegi.



MATMÁLSTÍMAR

Lögð er áhersla á valdefningu og lýðræðisleg sjónarmið. Starfsfólk Aðalþings þróaði lýðræðilega matarmenningu fyrir börnin í Aðalþingi sem fleiri leikskólar hafa tekið upp. Borin er virðing fyrir hæfni barnanna til að velja sér sjálf á diskinn, hvar þau sitja og hvaða tíma þau verja til að matast. Um matarmenninguna er sérstakur námsvefur á heimasíðu leikskólans. (Skólanámskrá Aðalþings).

Hugað er að framsetningu matar fyrir börnin, til að mynda að hafa hráefnið í minni bitum o.s.frv. Þannig að börnin ráði vel við að borða sjálf. Að maturinn sé snyrtilega og fallega framreyddur og ekki síst aðgengilegur börnunum.



HRÁEFNI MATAR

Ein undirstaða leikskólastarfsins er sú næring sem börnin fá. Í Aðalþingi er lögð áhersla á að maturinn sé unninn frá grunni. Með því er átt við að aðkeyptir og tilbúnir réttir eru ekki bornir á borð og brauð t.d. bökuð á staðnum. Mikil áhersla er lögð á að maturinn sé næringarlega vel samsettur. Börnunum er boðið upp á hafragraut og lýsi í morgunmat án þess að foreldrar greiði sérstaklega fyrir. Matarmenningin er hluti af heildarhugsuninni í skólastefnunni. Ánægjulegt er að benda hér á Aðalþing fékk hæstu einkunn í niðurstöðum úttektar á eldhúsum grunnskóla og leikskóla Kópavogsbæjar. (Skólanámskrá Aðalþings).

Í Aðalþingi er forðast að nota hráefni sem geta „valdið ofnæmi“ eða eru ofnæmisvakar, og því eru egg, hnetur og kiwi ekki notuð í matreiðslu.

Í Aðalþingi er unnið með sjálfbærni, lögð áhersla á að nýta matarafgangna eins vel og hægt er.



HEILBRIGÐI OG VELFERÐ ÚTIVERA

Í leikskóla eiga börn að fá tækifæri til fjölbreyttrar hreyfingar og útiveru. (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Börnin í Aðalþingi fara að öllu jöfnu daglega út, ýmist fyrir hádegi eða eftir hádegi. Einnig eraíð í vettvangsferðir og unnið úti í náttúrunni.

Börnin í Aðalþingi kynnast og stunda jóga með jógakennara.



SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI



SJÁLFBÆRNI

Í Aðalþingi er horft til víðrar skilgreiningar á sjálfbærni og í samræmi við það unnið með hana þvert á allt starf leikskólans. Menntun til sjálfbærni í Aðalþingi miðar einnig að því að börnin taki þátt í að móta og hafa áhrif á leikskólasamfélagið.

Hugmyndir um sjálfbærni í verki má meðal annars finna í innkaupastefnu leikskólans, vali á efniviði til sköpunar og leiks með börnum, umverfismenntunar, matarmenningu og endurvinnslu. Jafnframt má sjá greinileg merki sjálfbærni í hugmyndafræði skólastarfsins.

Í Aðalþingi er lögð áhersla á að nýta alla afganga vel, hvort sem það er matur eða efniviður. Að starfsfólk og börn geri sér grein fyrir mikilvægi þess að fara vel með hluti og efnivið. Virðing sýnir sig í umgengni og notkun. Stefnt skal að því að vinna sérstaklega með viðhorf til sjálfbærni.

Í Aðalþingi á lýðræði að finnast sem víðast og það er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Lýðræði og mannréttindi og heilbrigði og velferð felast þannig í sjálfbærni. (Skólanámskrá Aðalþings).



VÍSINDI

Í Aðalþingi styður upplýsingatækni og notkun
lpada við sjálfbærni og gefa möguleika til að þróa
starfið á fjölbreytta vegu. Aðalþing hefur frá
upphafi lagt áherslu á að búa skólann vel af
tölvum og öðrum stafrænum nýsigögnum. Má í
raun segja að þessi áhersla sé ein undirstaða þess
að skólinn geti náð fram markmiðum sínum og
sýn. Í skólanum er þráðlaus nettenging sem
kennarar við skólann settu upp og hefur nú í
nokkur ár náð til allra rýma skólans. Greiður
aðgangur að tölvum og stafrænum myndavélum
fyrir utan viðeigandi hugbúnað er undirstaða
uppeldisfræðilegra skráninga í starfinu.
(Skólanámskrá Aðalþings).



Í Aðalþingi er stefnt að því að:

- ♦ Vinna áfram að nýbreytni í tölvutækni í leikskólanum.
- ♦ Vinna áfram í því að koma hluta af fræðslu- og kynningarefni skólans í myndbönd og upptökur sem meðal annars eru aðgengilegar foreldrum á netinu.
- ♦ Haldið verði áfram með að veita starfsfólki tilsögn í notkun tækni til skráningavinnu. Nýta skráningar áfram með börnum og þeim gefinn kostur á að skoða og túlka þær og koma með athugasemdir.
- ♦ Áframhaldandi þróun vefsvæði leikskólans.
- ♦ Halda áfram með þróun á síðu á samskiptamiðlum sem ætlað er fjölskyldum barnanna og öðrum vinum Aðalþings.
- ♦ Enn öflugri notkun upplýsingatæknistarfs verði með öllum árgöngum leikskólans.
- ♦ Haldið verði áfram með útgáfu Helgarpósta til foreldra sem innihalda auk texta að jafnaði nokkur myndasöfn.
- ♦ Áframhaldandi þróun á skjámiðlun til foreldra í anddyri leikskólans.
- ♦ Upplýsingakerfið – Vala, hefur verið tekið í notkun í Aðalþingi, enn er verið að þróa hlutann fyrir foreldra, hver nýung þar verður jafnóðum innleidd í Aðalþing.

FRH. VÍSINDI



LÆSI OG SAMSKIPTI



LÆSI OG SAMSKIPTI

Starfið í leikskólanum á fyrst og síðast að snúast um börnin sem þar eru. Líðan þeirra og þroska. Að þar sé kærleikur, áskoranir, umhyggja, virðing og hlustun. Að hvert barn upplifi allt þetta og miklu meira til á hverjum einasta degi, er helsta markmið starfsins í Aðalþingi. Að nám barnanna og námsumhverfi styðji við andlegan og líkamlegan þroska þeirra á fjölbreyttan hátt daglega.


Leikur skal gegna lykilhlutverki í leikskólastarfi, í Aðalþingi er lögð áhersla á að styðja við nám barna í gegnum leik á margvíslegan hátt, m.a.með því að: gefa leik nægan og samfelldan tíma og rými til að þróa leik og dýpka. (Skólanámskrá Aðalþings).

Leikur og læsi fléttast við aðra námsþætti skólastarfsins í Aðalþingi. Stefna um málþroska, lestur og lesskilning barna í Aðalþingi byggir á hugmyndafræði skólans, aðalnámskrá leikskóla, Stefnu Aðalþings um mál og læsi og tekur mið af Stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur (2016).

Leikskólastarf í Aðalþingi byggist á virkri þátttöku barna og námsumhverfi leikskólans tekur mið af því að börnin séu virk

og læri í gegnum leikinn í víxlverkan umhverfis og sjálfs. (Skólanámskrá Aðalþings 2020-2021). Í Aðalþingi er unnið með grunnþætti náms í anda fyrrgreinds leikskólastarfs, þar á meðal læsi.

Chomsky (2013) hefur sýnt fram á að við það að samþætta sjálfstæðar einingar verði til öflugri eining, en einingarnar sem samþætta eru hverfa þó ekki – hver um sig er enn til staðar. Í Aðalþingi hefur verið þróuð sérstök nálgun í vinnu með læsi, í þeirri nálgun hafa einingar eins og leikur, læsi og tungumál verið samþættaðar, það er að fundinn er snertiflötur á leik, læsi og máli og þannig unnið með læsi samkvæmt hugmyndum Roskos og Christie (2011) með mjög góðum árangri. Þessi nálgun á vinnu með læsi barna hefur ekki aðeins verið árangursrík, heldur fellur hún vel að leikskólafræðum og ekki síst leikskólafræðum í anda Malaguzzi.



(Roskos og Christie, 2011)



NÁM MEÐ LÆSI HJÁ YNGRI BÖRNUNUM Í AÐALÞINGI

Námsumhverfið í Aðalþingi fyrir tveggja og þriggja ára börnin er fjölbreytt, hvetjandi og hannað fyrir þeirra aldur.

Námsumhverfið er útbúið á þann hátt að námsgögnin; leikföng og efniviður er börnunum aðgengileg, svo sem bækur, litir/skriffæri og blöð.

Í námsumhverfinu eru skapaðar aðstæður sem vekja áhuga barnanna til leikja svo sem með orð og bókstafi.

Auk þess að kennarar lesa bækur fyrir börnin þá fer málörvun ekki síður fram í samræðum þeirra við börnin, svo og að setja orð á athafnir og hluti, æfa börnin í að lesa í umhverfi ofl.

Málproskaskimunin Orðaskil og EFI-2 þegar þess þarf.




NÁM MEÐ LÆSI HJÁ ELDRI BÖRNUNUM Í AÐALÞINGI

Hjá eldri börnunum í Aðalþingi er námsumhverfið enn fjölbreyttara og flóknara en hjá þeim yngri og hannað fyrir þeirra aldur. Námsumhverfið er útbúið á þann hátt að námsgögnin; leikföng og efniviður er börnunum aðgengileg, svo sem bækur, litir/skriffæri, blöð, bókstafi, tölur og mjög fjölbreyttur efniviður til að leika með. Í Aðalþingi er hugað að því að hafa læsissskapandi námsumhverfi sem veitir börnum tækifæri til að kynna sér læsi á skapandi og leikandi hátt en ekki afmarkað við ákveðnar „stundir“.

Í námsumhverfinu inni sem úti eru skapaðar aðstæður sem vekja áhuga barnanna til leikja svo sem með málið; Leika með orð, ríma. Samstöfur; klappa atkvæði í orðum. Samsett orð. Hljóðgreining, margræð orð, finna orð í umhverfinu sem þýða fleira en eitt. Ræða um orðin. Orðhlutaeyðing, hljóðtenging, vinna með hljóðin. Myndlist, flokkun, mynsturgerð, lesa, skrifa, teikna, mála, eiga samræður, deila reynslu, lesa í umhverfi, lesa í aðstæður svo eitthvað sé nefnt.

Í Aðalþingi er lögð áhersla á að starfsfólk tali fjölbreytt mál, tali skýrt við börnin – ekki til barnanna. Starfsfólk hvatt til að sækja sér endurmenntun og mikið er til af faglegbókum og tímaritum í Aðalþingi.

Hljóm-2 að hausti fyrir elstu börn leikskólans.



JAFNRÉTTI



JAFNRÉTTI

Jafnréttisstefna Aðalþings byggir á lögum, reglugerðum, stjórnarskrá og sáttmálum sem sett hafa verið um málefnið. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er jafnrétti einn af grunnþáttum leikskólastarfs. Mikilvægi hins kynjafræðilega sjónarhorns í leikskólastarfi ætti flestum að vera ljóst. Jafnrétti í margar áttir er ein meginundirstaða skólastarfs.

Meginmarkmið Aðalþings er að sérhvert barn fái þá bestu umönnun og kennslu sem völ er á. (Úr fyrsta bréfi til foreldra nýrra barna).

Starfið í Aðalþingi á fyrst og síðast að snúast um börnin sem þar eru. Líðan þeirra og þroska. Að þar sé kærleikur, áskoranir, umhyggja, virðing og hlustun. Að hvert barn upplifi allt þetta og miklu meira til á hverjum einasta degi, er helsta markmið starfsins í Aðalþingi. Að nám barnanna og námsumhverfi styðji við andlegan og líkamlegan þroska þeirra á fjölbreyttan hátt daglega. (Skólanámskrá Aðalþings).

Nánar má sjá um jafnrétti í Jafnréttisstefnu Aðalþings



JAFNRÉTTI

Öll börn eiga rétt til menntunar og náms við hæfi. Með námi við hæfi er átt við að leikskólinn leggur sig fram um að veita öllum börnum sem mesta og besta hlutdeild í því starfi sem þar fer fram, bæði á forsendum barnsins og leikskólans. Það sem venjulega gengur undir nafninu sérkennsla fær heitið viðbótarkennsla í Aðalþingi en það er gert til að draga fram þá hugmyndafræði sem liggur þar að baki, draga úr aðgreiningu og undirstrika hugmyndir heildtækrar skólastefnu. Seinni ár hefur verið umræða um að ef til vill sé hugtakið viðbótarkennsla einnig of aðgreinandi, hugtakið skilgreind réttindi eigi kannski betur við. Öll börn hafa réttindi en stundum eru réttindin skilgreind. Megininntak viðbótarkennslunnar felst í að námsframboðið sé þannig að borin er umhyggja fyrir börnunum sem beinist að manngildi þeirra, þ.e. verndar þau grundvallargæði sem sjálfsvirðingin er og styðji við getu þeirra til að lifa innihaldsríku lífi. (SKólanámskrá Aðalþings). Í Aðalþingi er sérstök árskýrsla gert um Viðbótarkennsluna.

Í Aðalþingi er ætlast til að starfið sé skoðað með kynjafræðilegum gleraugum, að efni sem leikskólinn sendir frá sér sé yfirfarið með tilliti þess hvernig kynin birtast þar og skráningar og viðfangsefni þeirra greind frá kynjuðu sjónarhorni. Hið kynjaða sjónarhorn er hluti af menningu skólans og daglegum venjum. Skólaárið 2016-2017 var gerð rannsókn um áhrif jafnara kynjahlutfalls í starfsmannahópnum á leikskólastarfið, skýrsla um það er að finna á heimasíðu skólans.



LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI



LÝÐRÆÐI Í VERKI

Í leikskólastarfinu í Aðalþingi er lögð er áhersla á valdefningu og lýðræðisleg sjónarmið.

Í leikskólanum læra börn lýðræði í verki, þátttaka barnanna í ákvarðanatöku er eitt grundvallaratriði skólastarfsins (Skólanámskrá Aðalþings).

Samtalið gegnir mikilvægu hlutverki í lýðræðisstarfi, að einstaklingar eigi samtal um hugmyndir og hluti, þar sem tjá skoðanir sínar og ólík sjónarhorn koma fram.



SAMTÖL

Í skólastarfinu í Aðalpingi er skólastarfið skipulagt á þann hátt að samtalið rúmist í starfinu:

- ♦ Stöðvavinnufundir; þar ræða börn og kennarar hvað gert var í gær og hvað þau vilja gera í dag.
- ♦ Pedfundir; þar ræða kennarar og starfsfólk saman og meta leikskólastarfið útfrá skráningum.
- ♦ Stjórnendafundir eru einu sinni í viku, – þar eru ákvarðanir teknar og endurskoðaðar af stjórnendum skólans, það er; þingforsetum, leikskólastjóra, viðbótarkennslustjóra, pedagogistu, yfirmatreiðslumanni o.s.frv.
- ♦ Þingforsetafundir; einu sinni í viku, - þá funda þingforsetar með leikskólastjóra.
- ♦ Fundir leikskólastjóra, rekstraraðila og foreldraráðs Aðalþings.
- ♦ Fundir leikskólastjóra og rekstraraðila.
- ♦ Fundir viðbótarkennsluteymis.



SKÖPUN OG MENNING



SKÖPUN OG MENNING

Í Aðalþingi er markvisst unnið með fjölbreyttan og opinn efnivið þar sem hvert barn fær ótal möguleika til að gera tilraunir og leika með alvöru hluti í stað eftirlíkinga. Ýmsir þættir gera barninu kleift að skynja ytra umhverfi leikskólans, svo sem veður og árstíðabreytingar. Nám í leikskóla fer því ekki síður fram úti en inni.

Skapandi starf í formi leiks og starfs gegnir stóru hlutverki í Aðalþingi, leikur og sköpun fléttast við aðra námsþætti skólastarfsins. Stuðst er við fjölbreyttar kennsluaðferðir og efnivið til sköpunar, efniviðurinn er börnunum aðgengilegur.

Í Aðalþingi lifa börnin sem þar eru í lýðræði. Skipulag skólans er opið, sveigjanlegt og stuðlar að samþættingu námsþátta og samstarfi meðal allra sem í skólanum eru hverju sinni.

Skipulag skólans stuðlar að valdeflingu barnanna og námskráin tekur tillit til áhuga barnanna hverju sinni.

Börnin í Aðalþingi eru virkir þátttakendur í skólastarfinu, hafa áhrif á það, skipuleggja, meta í takt við aukinn aldur barnanna.

Leiðarljós Aðalþings er að; hvetja börnin, mikilvægara sé að kenna þeim að spyrja spurninga en að fræða þau með svörum. Hjálpa hverju barni að finna hvað veki áhuga hjá því, hvað því finnst skemmtilegt, þetta á að vera á forsendum barnsins. Kenna barninu að; takast á við hið óþekkta, taka ábyrgð á sjálfu sér og setja sig í spor annarra. (Skólanámskrá Aðalþings).

Aðalþing er staður þar sem börnunum á að geta liðið vel gert margvíslegar tilraunir, sumar heppnast aðrar ekki.

Nýir miðlar og ný tækni eru nýtt á áhugaverðan og skapandi hátt.

Leikur og nám barnanna eru gert sýnilegt öðrum sem innblástur og hvatning, meðal annars með Helgarpóstum.

NÁM MEÐ SKÖPUN HJÁ YNGRI BÖRNUNUM Í AÐALÞINGI

Námsumhverfið í Aðalþingi fyrir tveggja og þriggja ára börnin er fjölbreytt, hvetjandi og hannað fyrir þeirra aldur.

Námsumhverfið er útbúið á þann hátt að námsgögnin; leikföng og efniviður er börnunum aðgengileg, svo sem flölbreyttur og opinn efniviður.

Í námsumhverfinu eru skapaðar aðstæður sem vekja áhuga barnanna til leikja svo sem með skapandi starf.

Yngri börnin í Aðalþingi fá fjölmörg tækifæri til að kynnast mismunandi efnivið og verkfærum til leiks og skapandi starfs allt frá skapandi starfi með svartljósum yfir til leirnotkunar.

Það má segja að yngri börnin séu að kynnast möguleikunum sem skólastarf í Aðalþingi getur veitt þeim.



NÁM MEÐ SKÖPUN HJÁ ELDRI BÖRNUNUM Í AÐALÞINGI

Hjá eldri börnunum í Aðalþingi er námsumhverfið enn fjölbreyttara og flóknara en hjá þeim yngri og hannað fyrir þeirra aldur. Námsumhverfið er útbúið á þann hátt að námsgögnin; leikföng og efniviður er börnunum aðgengileg, svo sem flölbreyttur og opinn efniviður. Allflest barnanna hafa fengið tækifæri á yngri þingum/deildum til að kynnst fjölbreyttum efnivið, en efniviðurinn sem eldri börnin býðst að nota í leik og skapandi starfi er mun fjölbreyttari og flóknari.

Í námsumhverfinu inni sem úti eru skapaðar flóknari aðstæður en áður, sem vekja áhuga barnanna til leikja og skapandi starfs. Vinna með upplýsingatæknina er orðin flóknari með eldri börnunum, s.s. Notkun skjávarpa. Að sama skapi nota eldri börnin aðra tegund leirs (steinleir) en þegar þau voru yngri o.fl.

Í leik og skapandi starfi eldri barnanna fá þau hugmyndir að smærri og stærri verkefnavinnu.

